

Ár 2015, fimmtudaginn 28. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Óskari Bergssyni.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Einkaleyfastofunnar

### I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstjóri Einkaleyfastofunnar er á lista fjármála- og efnahagsráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóranum laun.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 30. desember 2014 frá forstjóra Einkaleyfastofunnar. Með bréfinu óskar forstjórinn eftir endurskoðun launakjara. Kemur fram að ástæður séu einkum tvíþættar. Annars vegar hafi umfang og ábyrgð starfs forstjórans aukist til mikilla muna og hins vegar hafi starfskjör forstjóra annarra ríkisstofnana sem telja megi sambærilegar við Einkaleyfastofuna verið bætt nokkuð á síðustu misserum án þess að sambærilegar breytingar hafi verið gerðar á kjörum forstjóra Einkaleyfastofunnar.

Í bréfinu eru raktar breytingar á starfsemi Einkaleyfastofunnar á undanförunum árum. Fjöldi erinda og umsókna hafi margfaldast og tekjur aukist um 75% frá árinu 2007 til ársins 2014. Fjöldi einkaleyfaumsókna hafi aukist úr 185 árið 2007 í 952 árið 2013. Hönnunarumsóknir hafi verið 57 árið 2007 en 121 árið 2013. Samhliða aukningu umsókna hafi fjöldi einkaleyfa í gildi aukist úr 655 árið 2007 í 3.894 árið 2013 og skráðum vörumerkjum fjölgað úr 35.578 árið 2007 í 55.893 árið 2013. Auknum fjölda erinda og umsókna hafi verið mætt með sífelldri endurskoðun ferla með áherslu á aukna skilvirkni og öflugra innra eftirliti, meðal annars með innleiðingu á gæðastjórnunarkerfi hjá stofnuninni. Fram kemur að ríkari kröfur séu gerðar um rafrænar lausnir og aukin gæði þjónustu. Tekið hafi verið í notkun rafrænt skjalavistunarkerfi þar sem haldið sé rafrænt utan um öll innkomin og útsend gögn. Einnig hafi verið innleitt rafrænt umsóknarkerfi fyrir einkaleyfisumsóknir og nú standi yfir smíði á nýjum gagnagrunni fyrir vörumerki og hönnun sem geri ráð fyrir rafrænni móttöku umsókna. Þá segir í bréfinu að kynning á mikilvægi hugverkaréttinda fari vaxandi á vegum Einkaleyfastofunnar og sé stofnunin nú leiðandi á því sviði í samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila. Til dæmis haldi stofnunin árlega ráðstefnu í tilefni af alþjóðlegum hugverkadegi, sé leiðandi í samvinnu hagsmunaaðila um baráttu gegn fölsun á hugverkaréttindum, taki árlega þátt í hagnýtingasamkeppni Háskóla Íslands, skipuleggi kynningar fyrir nemendum á öllum skólastigum, sér í lagi á háskólastigi, og haldi fjölda fræðslunámskeiða með erlendum fyrirlesurum. Þá kemur fram í bréfinu að Einkaleyfastofan hafi tekið yfir starfsemi faggildingar árið 2006, en sú starfsemi sé eðlisólík annari starfsemi stofnunarinnar og fjárhagslega aðskilin frá henni lögum samkvæmt. Mikill tími forstjóra fari í að sinna þessum málaflokki þar sem hann beri ábyrgð á rekstri faggildingar á Íslandi.

Í bréfi forstjórans segir einnig að alþjóðasamstarf hafi farið vaxandi á síðustu árum og samhliða því gerðar auknar kröfur um vinnuframlag Einkaleyfastofunnar vegna aðildar Íslands að samningum á sviði hugverkaréttar. Þá segir í bréfinu að ekki verði horft fram hjá því að Einkaleyfastofan gegni mikilvægu samfélagslegu hlutverki við að tryggja vernd hugverkaréttinda, svo sem einkaleyfa og vörumerkja, en alþekkt sé að vernd slíkra réttinda sé undirstaða nýsköpunar og þess að nýsköpun skili arði. Starfsemi Einkaleyfastofunnar stuðli þannig að nýsköpun, almenningi og þjóðfélaginu í heild til hagsbóta. Verkefni stofnunarinnar séu flókin og sérhæfð og þeim hafi fjölgað mikið á undanförunum árum. Þessi aukning í umfangi hafi kallað á ný vinnubrögð þar sem skilvirkni og hagræðing hafi verið höfð að leiðarljósi. Það sé aðallega á ábyrgð forstjóra að tryggja að stofnunin standi undir þeim væntingum sem viðskiptavinir geri. Því sé fullt tilefni til breytinga á launakjörum forstjórans.

Með bréfum dagsettum 12. janúar 2015 var atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 3. mars 2015. Í bréfinu segir að það sé skoðun ráðuneytisins að forstjóri Einkaleyfastofunnar eigi að njóta sömu launakjara og aðrir forstöðumenn ríkisstofnana með sambærilega ábyrgð, reynslu og vinnuálag. Jafnframt leggi ráðuneytið áherslu á að gætt sé að innbyrðis samræmi við ákvörðun á launakjörum forstöðumanna í stofnunum ríkisins.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 28. janúar 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Einkaleyfastofunnar hafi breyst frá því kjararáð úrskurðaði um laun forstjórans að öðru leyti en fram komi í bréfi hans til kjararáðs. Telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við endurskoðun á launakjörum forstjórans.

Með bréfi dagsettu 17. mars 2015 fékk forstjóri Einkaleyfastofunnar send bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstjórans dagsettu 30. mars 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna, en fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð.

### III.

Ekki eru sérstök lög um Einkaleyfastofuna en fjallað er um hana í reglugerð nr. 188/1991. Segir þar að Einkaleyfastofan sé ríkisstofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Samkvæmt reglugerðinni er hlutverk hennar einkum: Að fara með málefni er varða einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar; að veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði; að stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

Í reglugerðinni segir að iðnaðarráðherra skipi forstjóra Einkaleyfastofunnar og er hann jafnframt vörumerkjaskrárritari. Forstjóri stýrir stofnuninni, ræður starfslíð og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar.

Nánar er fjallað um verkefni Einkaleyfastofunnar í lögum um einkaleyfi nr. 17/1991, lögum um vörumerki nr. 45/1997, lögum um hönnun nr. 46/2001, lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006 og lögum um félagamerki nr. 155/2002.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Einkaleyfastofunnar laun 19. júní 2007. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er greint frá starfsemi Einkaleyfastofunnar og því hvernig hún hefur vaxið á undanförunum árum með fjölgun mála. Með vísan til þessa hefur kjararáð ákveðið að breyta launum forstjórans, þó þannig að gætt sé að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er rakið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjóra Einkaleyfastofunnar skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

**Ákvörðunarorð**

Frá og með 1. janúar 2015 skulu mánaðarlaun forstjóra Einkaleyfastofunnar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 135, nú 790.553 krónur. Að auki skal greiða honum 18 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Einkaleyfastofunnar gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Óskar Bergsson